

Torfi H. Tulinius

Höfðingi nýrra tíma

Hrafn Sveinbjarnarson í samtíð sinni.

*Flutt á ráðstefnunni Hrafn Sveinbjarnarson, höfðingi, pílagrímur, læknir
Hrafseyri við Arnarfjörð 24. ágúst 2013 og aftur í Þjóðminjasafninu 5.október sama árs.*

Ágætu ráðstefnugestir,

Hrafn Sveinbjarnarson, sem við minnumst hér í dag, virðist hafa verið mikið afbragð annarra manna. Svona er honum lýst í sögu hans:

„Hrafn var á unga aldri snemmendis mikill atgervismaður. Hann var völundur að hagleik, bæði að tré og að járn, og skáld, þó hefir hann fátt kveðið, svo að vér vitum, og hinn mesti læknir og vel lærður og eigi meir vígður en krúnuvígslu, lögspakur maður og vel máli farinn, minnugur og að öllu fróður. Hrafn var mikill maður og réttleitur í andliti, svartur á hárslit, syndur vel og við allt fimur, það er hann hafðist að, bogmaður mikill og skaut manna best handskoti.“

Þessi lýsing, ásamt öðru sem fram kemur í sögunni, sýnir að Hrafn hefur haft þá eiginleika sem gerðu honum kleift að rækja vel hlutverk sitt í samtíma sínum. Þótt Hrafn hafi lifað og hrærst hér á landi í umhverfi sem við þekkjum og getum heimsótt enn í dag, þá var sá veruleiki sem hann og samtímafólk hans bjuggu við allur annar. Það er óþarfi að tíunda allar þær byltingar í heimsmynd, tækni, vísindum, trúarviðhorfum, stjórnámálum og samfélagsháttum sem átt hafa sér stað á undanförunum átta hundruð árum. Við þekkjum þær en það er gott að hafa þessar breytingar í huga þegar við reynum að skilja ævi Hrafns og ekki síður harmsöguleg endalokin.

Íslenskt samfélag um og uppúr aldamótunum 1200 virðist, í samanburði við nútímasamfélag, fremur einfalt. Byggðin var dreifð. Þéttbýlismyndun ekki til eða hverfandi. Menn öfluðu sér lífsviðurværis með því að nýlja náttúrugæðin, bæði með veiðum og fjárrækt. Einnig var framleidd vara af ýmsu tagi (vaðmál, smíðisgripir og margt fleira) sem hægt var að selja til að kaupa til búans bæði nauðsynjar og munaðarvöru sem ekki var hægt að afla sjálfur. Árstíðabundnar kaupstefnur voru haldnar þar sem kaupmenn gátu landað farskipum sínum.

Verslun ýtti undir samskipti milli byggða, héraða, landshluta og út í heim. En fleira gaf tilefni til slíkra samskipta. Hvert landsvæði bjó við ákveðið skipulag, ef til vill að einhverju leyti sjálfsprottið. Lögin sköpuðu þó umgjörð utan um þetta skipulag, t.d. um hina nauðsynlegu samvinnu meðal íbúana, m.a. um framfærslu fátækra, eða þegar árekstrar átt sér stað, t.d. um beit eða reka eða hvaðeina sem gat komið upp á. Í heimildum má sjá að menn kunnu lögin og beittu þeim sér og öðrum til framdráttar. Goðarnir gegndu hér mikilvægu hlutverki, bæði í héraði, en einnig á vorþingum þar sem komu saman fleiri goðar, og svo á Alþingi þar sem goðar höfðu skilgreint hlutverk. Lög, lagasetning og deilur sem leystar voru að lögum, m.a. milli manna frá ólíkum landshlutum, gáfu tilefni til samskipta bæði innan héraða, milli þeirra, og á landsvísu. Í áðurnefndri lýsingu er Hrafn sagður „lögspakur“. Það hefur gert honum

kleift að gegna hlutverki sínu bæði heima og að heiman. Þekking á lögum hefur væntanlega verið skilyrði fyrir því að hann tæki við erfðagoðorði þeirra fedga.

En það var ekki nóg að kunna lögin, því Hrafn bjó í samfélagi án ríkisvalds. Hvorki her né lögregla voru til staðar til að framfylgja lögnum. Gott var því að goðinn væri vopnfær og hefði líkamsburði til að taka þátt í bardögum. Hann þurfti líka að kunna að leiða menn í átökum og njóta trausts þeirra. Lýsing Hrafns bendir til þess að svo hafi verið.

Sem valdamenn í héraði áttu goðarnir líka í persónulegum samskiptum sín á milli. Þeir virtust líta á sig sem einhvers konar aðal og sóttust eftir því að tengja sig hver öðrum með því að skiptast á vinboðum og gjöfum og með innbyrðis giftingum. Hinar síðastnefndu gegndu meðal annars því hlutverki að treysta vinaböndin en um leið völd í héraði og á þingi. Þetta var ekki síst vegna þess að goðar þessir voru líka að keppa um völd sín á milli, einkum og sér í lagi þeir sem bjuggu hvað næst hverjir öðrum. Fleiri samtíðarsögur en *Hrafns saga* segja frá átökum nágrannagoða: þær *Sturlu saga* og *Guðmundar saga dýra*. Höfundur *Sturlungu* safnritsins hefur fellt þær inn í frásögn sína, líkt og sögu Hrafns, en ólíkt henni, hafa þær ekki varðveist heilar og í sjálfstæðri gerð.

En íslenskt samfélag laut ekki einvörðungu valdi goðanna, heldur líka valdi „annars heims“. Um 1200 höfðu Íslendingar verið kristnir í tvö hundruð ár. Kirkjan hafði þróast með samfélaginu og var að verulegu leyti samgróin því. Oft er sagt að tólfta öldin hafi verið tími kirkjugoðanna, þ.e. þegar fornar ættir, sem röktu sig aftur til landnámsmanna, fóru í senn með veraldleg völd og andleg. Menn af þessum ættum gátu bæði vígst til embætta í kirkjunni, svo sem prestsskapar, og haft mannaforráð sem goðar. Biskupsstólar og klaustur urðu til á elleftu og tólftu öld, með tilheyrandi eignasöfnun kirkjunnar. Ábótar og biskupar urðu að einhverju leyti höfðingjar í héruðum sínum og goðar sem einnig sátu ríka kirkjustaði gátu aukið völd sín og áhrif í krafti auðs. Þannig dró kirkjan dóm af samfélaginu um leið og hún mótaði það.

Þetta gerði samfélagið töluvert flóknara en við mætti búast. Við það má bæta að Ísland var síður en svo einangrað frá öðrum löndum. Áður hefur verið minnst á verslun, en einnig sköpuðust persónuleg tengsl. Af *Hrafns sögu* að dæma, og reyndar fleiri sögum, var það ekki óalgengt að Íslendingar settust að í Noregi. Væntanlega hafa haldist margvísleg félagsleg tengsl milli landanna þótt þrjár aldir væru liðnar frá landnámi Íslands. Þá sem nú virðast Íslendingar einnig hafa átt töluverð tækifæri í Noregi, t.d. sem hermenn við hirðir Noregshöfðingja, ekki síst á síðari hluta tólftu aldar, þegar mikið var barist í því landi. Auk þess fylgdu þátttöku í kristinni kirkju óhjákvæmilega samskipti milli landa, hvort sem vígja þyrfti biskup eða sækja sér aflausn fyrir syndir sem aðeins páfinn gat leyst menn undan. Eins gátu straumar, stefnur og hræringar í kirkjunni, bæði á Norðurlöndum og í páfadómi gervöllum, haft áhrif hér á landi.

Allt þetta kemur við sögu Hrafns Sveinbjarnarsonar. Hann fór fyrir vígsluferð Guðmundar Arasonar, verðandi Hólabiskups, til Noregs. Síðar þurfti hann að taka afstöðu í deilum biskups við yfirgnæfandi meirihluta höfðingja landsins. Þær deilur stöfuðu einkum af því að Guðmundur vildi framfylgja stefnu páfa um frelsi kirkjunnar og þjóna hennar undan valdi veraldlegra höfðingja. Sú stefna rauf það jafnvægi sem hafði ríkt milli andlega og veraldlega valdsins á tímum kirkjugoðana.

Deilur Guðmundar við höfðingjana og átökin milli Hrafns og Þorvaldar sýna að það var engin kyrrestaða í íslensku samfélagi um 1200. Einu sinni var ég í samkvæmi hjá góðum vinum á Ísafirði. Þar var staddur ungur jarðfræðingur á frá Frakklandi sem var að rannsaka fjallshlíðar á Vestfjörðum. Þegar ég spurði hana af hverju, svaraði hún því til að hlíðarnar væru merkilegar fyrir það að hérlendis er Ísöld nánast nýafstaðin, enda ekki nema ca. ellefu þúsund ár síðan henni lauk. Það eru bara nokkur andartök á mælikvarða jarðsögunnar. Bröttum fjallshlíðunum, sem jökullinn hefur mótað, er ekki lengur haldið uppi eftir að jökullinn hopaði. Þær eru því óstöðugar og það veldur grjóthruni og aurskriðum. Vestfirsku fjöllin eru enn að leita jafnvægis og svo mun verða um langt skeið.

Hið sama gildir um mannleg samfélög. Í þeim er innbyggður óstöðugleiki sem veldur því að þau eru í sífelltri þróun. Alltaf kemur eitthvað nýtt sem þarf að bregðast við. Svo þarf að bregðast við viðbrögðunum. Svona heldur þetta endalaust áfram. Reyndar er ekki alltaf sami hraðinn á þessu, en breytingar að utan gátu líka skekið þetta litla samfélag sem þreifst hér langt norður í Atlantshafi fyrir átta öldum síðan.

Þannig hafði stefnan um „frelsi kirkjunnar“ töluverð áhrif strax á dögum Þorláks helga, biskups í Skálholti frá 1178 þar til hann lést 1193. Staðamálin svokölluðu voru deilur milli biskups og höfðingja úr leikmannastétt um yfirráð yfir kirkjustöðum sem voru mikilvæg uppspretta auðs, eins og þegar hefur verið getið. Þorlákur varð undir í átökunum um staðina. Hann náði þó ýmsu fram, þar á meðal því að menn sem höfðu hlotið prestvígslu máttu ekki lengur vera goðar. Það er athyglisvert að Markús, eldri bróðir Hrafns, sem hefði tekið við erfðagoðorði þeirra hefði hann ekki látist af slysförum, var einmitt prestur. Það er ekki ólíklegt að krúnuvígsla Hrafns hafi aðeins átt að vera áfangi á leið hans að prestskap, en hann hafi hætt við vegna breytinganna sem áttu sér stað í kringum 1190.

Ef Hrafn var höfðingi nýrra tíma, þá var það meðal annars vegna þess að hann tók afstöðu með Guðmundi Arasyni biskupi í átökum hans við flesta aðra höfðingja landsins. Sennilega varð þetta honum dýrkeypt. Hann gat ekki lengur vonast eftir stuðningi frá þessum sömu höfðingjum í deilum sínum við Þorvald Vatnsfirðing. Þetta bendir Guðrún P. Helgadóttir á í inngangi að vandaðri útgáfu sinni á sögunni frá 1987. Jafnframt vekur Guðrún athygli á mörgu sem gefur til kynna að óþekktur höfundur sögunnar, sem að líkindum var að störfum nokkrum áratugum eftir atburðina sem greint er frá, sé að fella það sem vitað er um Hrafn og samtíðarmenn hans að ákveðinni túlkun á ævi Hrafns. Þessi túlkun er í anda kirkjunnar og gerir hann að sérstökum þjóni hennar. Þetta hafa fleiri bent á, þar á meðal Ásdís Egilsdóttir sem hefur skrifað merkar greinar um tengsl Hrafns sögu við sögur af dýrlingum, eina útbreiddustu bókmenntagrein á miðöldum.

En átti þessi túlkun höfundar *Hrafns sögu* ekki við talsverð rök að styðjast? Það má benda á að þegar Hrafn fór í fyrstu utanferð sína sem mjög ungur maður, þá komst hann í vinfengi við biskup Orkneyja, skáldið Bjarna Kolbeinsson, sem sendi honum dýrmætar gjafir. „Æ sér gjöf til gjalda“ og það má spyrja sig hvort biskup hafi ekki valið þennan efnilega unga höfðingja af Íslandi til að þjóna kirkjunni hér, líkt og Snorri Sturluson fékk síðar stórgjafir frá Noregshöfðingjum. Það var væntanlega vegna þess að þeir vildu stuðning hans hér á landi, hvort sem það var til að vernda hagsmuni norskra kaupmanna sem hér versluðu eða til að „snúa Íslendingum

til hlýðni við konung“ eins og sagt er í *Íslendingasögu* Sturlu Þórðarsonar. Tilgátan um að Hrafn hafi verið sérstakur þjónn kirkjunnar styrkist nokkuð af því að biskupsefnið á Hólum, Guðmundur Arason, biður einmitt Hrafn að leiða vígsluförina. Að þessu leyti er Hrafn enn höfðingi nýrra tíma, því það átti eftir að koma á daginn að Guðmundur biskup vildi breyta valdahlutföllum milli leikmanna og klerka eins og þegar hefur verið rakið.

Í þessu sambandi langar mig til að draga fram tengsl milli kenningarinnar um frelsi kirkjunnar og hegðun höfðingja sem ekki liggja í augum uppi. Ég held að þau geti að einhverju leyti skýrt bæði hvernig höfundur sögunnar greinir frá Hrafn og hvernig hann hagaði sér í raun. Meira en nokkrum öðrum höfðingja í íslenskum heimildum, mér vitanlega, er Hrafn lýst sem þjóni almennings. Hann heldur uppi samgöngum með ferjum yfir Arnarfjörð og Breiðafjörð. Hann sættir menn. Hann borgar sektir þingmanna sinna. Hann stundar lækningar án endurgjalds. Hann er ekki eini höfðinginn sem lækna fólki en í engri lýsingu á höfðingja er þessi þjónusta við almennig dregin fram með jafn skýrum hætti.

Við erum vön því að hugsa um ráðamenn, þ.e. sveitastjórnarmenn, þingmenn, ráðherra, sem þjóna almennings. Reyndar speglast þetta ekki sérstaklega vel í íslenskum orðaforða, a.m.k. ef við berum það saman við erlenda orðið „minister“. Það er dregið af latínunni „ministerium“ sem þýðir „þjónusta“. Í nýlegri bók hefur franskur sagnfræðingurinn Jacques Dalarun bent á að hugmyndin um hinn veraldlega ráðamann sem almannaþjón hafi ekki verið kunn á fyrri hluta miðalda, þ.e. ekki fyrr en hennar fór að gæta í tengslum við þá miklu umbótarhrinu sem Gregoríus páfi sjöundi ýtti af stað undir lok elleftu aldar og birtist m.a. í stefnunni um frelsi kirkjunnar sem hér hefur töluvert komið við sögu nú þegar.

Þegar klerkar kirkjunnar fóru að krefjast þess að velja sér sjálfir biskupa og ábóta, en ekki láta veraldlega valdamenn um það, sögðu þeir, öndvert við höfðingjana, að yfirmenn þeirra ættu ekki að drottna yfir þeim, heldur þjóna þeim. Þessi viðhorf áttu rætur að rekja til samfélaga munda, Benediktsreglunnar sérstaklega, og voru aftur sett á oddinn á elleftu og tólftu öld, þegar kirkjunnar menn vildu undirstrika sem mest muninn á sér og valdsmönnum sem ekki höfðu hlotið heilaga vígslu. Þeir gengu meira að segja svo langt í sumum reglum að velja einmitt þann lægsta úr hópi sínum til að gegna æðstu stöðunni. Þegar Robert frá Arbrissel, stofnandi Fontevraud klaustursins í Loire-dalnum valdi konu sem ábóta, var það ekki út af einhverjum snemmbærum femínisma, heldur vegna þess að konur þóttu sérlega auðvirðilegar, ekki síst konur sem ekki voru lengur hreinar meyjar. Það var einmitt valin ekkja. Þrátt fyrir fordómanna, reyndist hún hinn besti yfirmaður klaustursins, meðal annars vegna þess að hún hafði, úr fyrri lífi sínu, reynslu af því veraldarvafstri sem fylgir rekstri mikilla eigna.

Ekki einu sinni þáfinn var undanskilinn þessu. Hann var sagður aumasti allra kirkjunnar þjóna, því hann þjónaði biskupunum og ábótunum, þjónum þeirra. Hann kallaði sig „servus servorum“, þræl þrælanna. Þversögnin var að þessir þjónar höfðu völd, veruleg völd. Hluti af þjónustunni var að beita aga og aginn var strangur í kirkjunni. Þetta er athyglisverð mótsögn sem gaman er að máta við hugmyndir okkar í dag um eðli ríkisvaldsins. Ríkið er í senn þjónn okkar og yfirboðari, verndari og gæslumaður, sækist eftir þátttöku okkar og stuðningi en lúskrar á okkur ef við vinnum gegn því. Sagnfræðingurinn Jacques Dalarun veltir því fyrir sér hvort títtnefndar hræringar á miðöldum undirbúi ekki jarðveginn fyrir hið vestræna

Lýðræðisríki, ekki síður en mun eldri hugmyndir um hið forngríska borgarlýðræði. Hér vísar hann til rannsókna heimspekingsins Michel Foucault á hugmyndalegum rótum ríkisins sem hirðis.

Við þurfum ekki að taka afstöðu til þessara vangaveltna hér. Aftur á móti er freistandi að yfirfæra hugmyndina um valdamanninn sem þjón á biskupsvininn og höfðingjann Hrafn Sveinbjarnarson. Auðvitað gildi þessi hugmynd að einhverju leyti um alla goða. Það var innbyggt í hið gagnkvæma samband þeirra við þingmenn sína. Goðinn hélt uppi lögum í héraði. Þingmenn hans gátu leitað til hans ef þeir urðu fyrir yfirgangi. Í hallærum gat hann aðstoðað þá sem liðu skort með matargjöfum. Á móti gáfu þeir honum líka gjafir og studdu, t.d. á þingi. Mér virðist þó hugmyndin um höfðingjann sem þjón almennings mun sýnilegri í *Hrafns sögu* en öðrum heimildum. Það á ekki bara við um lýsinguna á Hrafn. Ragnheiður Aronsdóttir, frænka hans og mikil eignarkona í Selárdal, er sögð hafa búið góðu búi og verið „hvers manns gagn þess er hana sótti heim“. Sömuleiðis er sagt um bróður Þorvalds Snorrasonar, Þórð Snorrason sem erfði goðorð þeirra bræðra, að hann hafi: „átt bú gott og gagnauðugt, svo að hann var hvers manns gagn þess er til sótti“. En svo er sagt: „En fyrir því að hallæri var á landi hér, fór Þórður á vorum til fiskjar með mikið skip og húskarla sína í Bolungavík, af því að hann þóttist þá fleiri mönnum gagn gera.“ Í einni slíkri ferð veiktist hann skyndilega og dó. Þess vegna tók Þorvaldur Snorrason við Vatnsfirðingagoðorðinu, með hörmulegum afleiðingum fyrir Hrafn.

Góður höfðingi er gagnlegur þeim sem undir hann eru settir. Hann er þjónn þeirra. Því er það athyglisvert að þegar sagt er frá því að Hrafn taki við goðorðinu af föður sínum þá er ekki sagt að hann taki við mannaforráðum eins og algengast er. Hann tekur við „mannavarðveislu“. „Varðveisla“ er margslungið orð. Í því felst ekki bara að vernda heldur líka að gæta, hafa stjórn á, svólítið eins og smali varðveitir hjörð sína, eða prestur söfnuð sinn.

Hrafn er því höfðingi nýrra tíma að þessu leyti. Samband hans við kirkjuna bendir til þess að hann hafi að einhverju leyti haft önnur viðhorf til stöðu sinnar sem höfðingja en margir samtímamanna hans. Þó má ekki útiloka að þetta séu fyrst og fremst skoðanir þess sem ritaði sögu hans einhverjum áratugum síðar.

En árin í kringum 1200 voru nýir tímar á Íslandi í fleira en einum skilningi. Þá urðu miklar breytingar á skipan valds. Héraðsríki höfðu smám saman orðið til á Suðurlandi, þar sem Haukdælir réðu vestan Þjórsár en Oddaverjar fyrir austan. Svínfellingar virtust hafa öll völd á Austurlandi. Ásbirningar stýrðu Skagafirði, um leið og þeir seildust til áhrifa í Eyjafirði. Þórður Sturluson skapaði sér veldi á Snæfellsnesi. Bróðir hans Snorri gerði það sama í Borgarfirði, en komst líka yfir staði og goðorð annars staðar. Þriðji bróðirinn, Sighvatur, hafði farið með erfðaveldi þeirra bræðra í Dölunum en lét Sturlu syni sínum það eftir þegar hann flutti norður í Eyjafjörð til að hasla sér völl á nýtilkomnu valdasvæði mága sinna af Ásbirningaætt. Þessar breytingar í átt að héraðsríkjum höfðu áhrif á stöðu rötgróinna goðaætta á Vestfjörðum, þeirra Vatnsfirðinga með Þorvald Snorrason í broddi fylkingar, og Seldæla sem lutu forystu Hrafns. Það hlýtur að hafa vakið vonir hjá þeim um að þær mættu auka völd sín og áhrif á kostnað nágrannagoðanna, en bauð líka þeirri hættu heim að þeir misstu allt sitt í hendur annað hvort andstæðinga sinna, eða utanaðkomandi höfðingja.

Nýir tímar bjóða nýjum hættum heim. Þetta ber að hafa í huga til að skilja átökin sem leiddu til dauða Hrafns fyrir átta hundruð árum. Ýmislegt bendir til þess að Hrafn hafi ætlað að feta svipaða slóð og reyna að breyta erfðagoðorði sínu í héraðsríki. Eins og margir höfðingjar, til dæmis Snorri Sturluson, fær Hrafn annað goðorð að gjöf og það færir honum ítök í Dýrafirði. Líkt og þeir reynir hann að fyrirbyggja að líklegir keppinautar komist til áhrifa á því svæði sem hann hefur helgað sér. Þetta sjáum við vel í frásögn sögunnar af því þegar Hrafn leggst gegn því að Loftur Markússon komi sér fyrir á Mýrum í Dýrafirði. Hann átti þingmenn þar. Hann vildi ekki heldur vera fastur í klemmu á milli þeirra hálfbræðra, Gísla á Rauðasandi og Lofts á Mýrum. Því hikaði hann ekki við að beita ofbeldi, eða að minnsta kosti ógninni um ofbeldi, þegar hann sat um bæ Lofts.

En Dýrafjörðurinn er líka á mörkum valdasvæðis Seldæla annars vegar og Vatnsfirðinga hins vegar. Vaxandi spenna milli þeirra Þorvalds og Hrafns skýrist vafalítið af því að sá síðarnefndi taldi veldi sínu ógnað af uppgangi Seldælsins. Sennilega gerir saga Hrafns minna úr ágengni hans í frásögninni af deilum þeirra Þorvalds. Að minnsta kosti er ekki ólíklegt að Hrafn hafi gerst nærgöngullur við þingmenn Vatnsfirðingsins en sagan greinir frá. Eins og Guðrún P. Helgadóttir bendir réttilega á, kann Þorvaldur að hafa túlkað ýmsar gerðir Hrafns sem vott um helberan fjandskap gegn sér. Það gæti skýrt heift hans og hvað hann er ákveðinn að koma honum fyrir kattarnef. Kannski var gagnkvæm tortryggnin svo mikil að annar hlaut að lokum að standa yfir höfuðsvörðum hins.

Það verður að segjast að loft var víða lævi blandið á landi hér fyrir nákvæmlega átta hundruð árum síðan. Átök höfðingja við Guðmund biskup geisluðu enn. Ekki voru nema fimm ár liðin frá því Ásbirningurinn úr Skagafirði, Kolbeinn Tumason, valdamesti maður norðan heiða, hafði fallið í orrustu við biskupsmenn í Víðinesi. Höfðingjarnir skiptust í hópa. Það voru þeir sem héldu verndarhendi yfir biskupi, eins og Þórður Sturluson og Hrafn. Aðrir voru fullir fjandskapar í hans garð: Ásbirningar allir og Sighvatur, bróðir Þórðar en mágur Kolbeins. Flestir voru beggja bands, reyndu að leiða átökin hjá sér, eða miðla málum eins og Snorri Sturluson og sennilega Þorvaldur Gissurarson, mesti höfðingi Haukdæla á þessum árum. Aðrir leituðust við að færa sér ástandið í nyt. Það gæti vel átt við Þorvald Vatnsfirðing.

Eins og komið hefur fram, neitaði Hrafn að fara gegn biskupi eftir víg Kolbeins Tumasonar. Þorvaldur Snorrason fór og hafði marga menn með sér. Í *Íslendingasögu* segir Sturla Þórðarson sagnaritari að hann hafi gengið alla leið úr Vatnsfirði að Hólum með þrjá tugi manna. „Hann hafði öxi í hendi og studdi ekki niður skaftinu er hann fór norður eða norðan.“ Ef til vill á að líta til stjórn málaátaka á landsvísu til að fá svar við því af hverju Þorvaldur komst upp með að mæta ekki á sáttarfundina, hvorki með Þórði Sturlusyni né í Reykholti þar sem þó voru höfðingjar á borð við Þórð og Snorra Sturluson og Þorvald Gissurarson. Kannski er það ekki vegna þess að hann var sérlega vondur eða óforskammaður, heldur vegna þess að hann átti vísan stuðning annars staðar frá, hjá Sighvati, Ásbirningum og vafalaust fleirum, m.a. vegna þess að hann hafði tekið svo eindregna afstöðu með þeim gegn biskupi.

Sömuleiðis mætti skýra þolinmæði Hrafns á sömu forsendum. Hann metur stöðuna í deilum höfðingja þannig að bandamenn Þorvalds Vatnsfirðings séu öflugri en hans, eða þá að bandamenn sínir muni samt ekki koma honum til aðstoðar leggi hann til atlögu við Þorvald og

vegi hann, eins og stuðningsmenn hans í héraði hvetja hann þó eindregið til og jafnvel ámæltu hann fyrir að gera ekki.

Höfundur *Hrafns sögu* segir að það hafi verið vegna þess að hann vildi heldur „hafa svívirðing af mönnum í orðlagi fyrir guðs sakir og hætta svo lífi sínu til eilífrar miskunnar almáttugs guðs“. Ef til vill var eitthvað annað en bara þetta kristilega hugarfar sem olli ákvörðun Hrafns, heldur kannski kalt mat hans á stöðunni. Hann var ef til vill ekki viss um að njóta nægilega mikils stuðnings meðal höfðingja landsins. Við sjáum hvernig eftirmálin urðu eftir víg Hrafns. Þau voru Þorvaldi þungbær en þolanleg þó. Hvort sem það var réttlætiskennnd eða pólitísk hyggindi, þá stillti Þórður Sturluson þeim í hóf. Eftirmálin af hugsanlegu vígi Þorvalds hefðu getið orðið Hrafni mun þungbærari: kannski ævilöng útleið, goðorðamissir, mikil fjárútlát, áframhaldandi Hjaðningavíg. Kannski fannst honum hyggilegri að sýna Þorvaldi ýrtruðu þolinmæði í þeirri von að aðstæður myndu breytast á stærra taflborði landsmálanna. Þá hefði hann ef til vill látið til skarar skríða gegn Þorvaldi. Og þá værum við ef til vill að minnast Þorvalds í dag en ekki Hrafns.

Nú er komið að því að vitna til hins merka formála *Hrafns sögu*:

„Atburðir margir þeir er verða falla mönnum oft úr minni, en sumir eru annan veg sagðir en verið hafa, og trúá því margir er logið er en tortryggja það satt er. En fyrir því að aftur hverfur lygi þá er sönnu mætir, þá ætlum vér að rita nokkura atburði þá er gerst hafa á vorum dögum á meðal vor kunnra manna sem vér vitum sannleik til. Í þeim atburðum mun sýnast mikil þolinmæði Guðs almáttugs, sú er hann hefur hvern dag við oss, og sjálfræði það er hann gefur hverjum manni, at hver má gera þat sem vill, gott eða illt.“

Saga Hrafns er mjög merkileg. Við fyrstu sýn mætti ætla að höfundur hennar sé fyrst og fremst að setja á svið átök góðs og ills. Hún er flóknari en það vegna þess að hún vekur okkur til umhugsunar um hinar innbyggðu mótsagnir í hlutskipti hvers og eins í hvaða samfélagi sem er. Hegðun okkar og ákvarðanir eru mótaðar af aðstæðum og kvöðum samfélagsins. Við erum ekki einvörðungu siðferðisverur, heldur tökum mið af valdinu og skiptingu þess þegar við ákveðum hvernig við breytum. Eigi að síður er eitthvað til sem heitir sjálfræði. Svo fór sem fór í lífi Hrafns. Hann var leiddur til aftöku á Hrafnsseyri í Arnarfirði á köldum degi fyrir átta hundruð árum. Að einhverju leyti var það afleiðing ákvarðana sem hann tók sjálfur. Hrafn var sjálfráður, eins og við öll, hvort sem einhver guð sé til sem gefur okkur þetta sjálfræði eður ei.

En Hrafn mætti dauða sínum af þeirri reisn sem virðast hafa einkennt hann alla ævi, ef marka má söguna. Mig langar því ekki til að enda þetta spjall um höfðingjann Hrafn á þessum vangaveltum um sjálfræði, heldur koma aftur að mannum Hrafni Sveinbjarnarsyni og mannkostum hans. Þeir birtust meðal annars í þeirri lýsingu sem ég las í upphafi máls míns. Ef til vill mætti nefna í þessu sambandi sjálfsrækt hans eða sjálfsköpun. Á miðöldum sem endranær fæddust menn ekki bara inn í þau hlutverk sem samfélagið ætlaði þeim. Þeir þurftu líka að þroska með sér hæfileika og færni sem gerðu þeim kleift að gegna þessu hlutverki. Þó er það sérstakt einkenni miðalda að þar þróast ákveðin hugsjón um riddarann, eða höfðingjann, sem innifelur fleira en bara færni í bardaga og til mannaforráða, heldur líka

margvíslegar listir og íþróttir. Þessi sjálfsrækt aristókratans smitar út frá sér og lifir lengi í vestrænni menningu. Kannski er hún enn til staðar að einhverju leyti og þá ekki endilega hjá þeim sem hæst eru settir.

Þessi hugsjón barst hingað á norðurslóð á miðöldum. Hún birtist til dæmis í lífi og störfum Snorra Sturlusonar. Áður hafði hún komið fram í frægri vísu sem eignuð er Rögnvaldi Orkneyjajarli sem var drepinn 1158 en tekinn í tölu heilagra manna 1192. Það var vinur Hrafns Sveinbjarnarsonar, Bjarni biskup Kolbeinsson, sem gerði það. Hér kemur vísan:

Tafl emk örr at efla,
íþróttir kannk nú,
týnik trauðla rúnum,
tíð er mér **bók** ok **smíðir**.
Skríða kannk á skíðum,
skýtk ok ræ'k, svát nýtir,
hvárt tveggja kannk hyggja
harpslótt ok **bragþóttu**.

Fjórar af íþróttum Hrafns voru þær sömu, þ.e. smíðar, bogfimi, kveðskapur að vera vel lærður á bók. Til viðbótar var hann vel syndur, lögspakur, vel máli farinn og minnugur. Auk þess var hann læknir. Hann var sum sé í öllu fimur.

Ef til vill var Hrafn einn af boðberum þessarar hugsjónar hingað til lands. Hvort sem það er rétt eða ekki, er sjálfsagt og gott að minnast hans nú þegar átta aldir eru liðnar frá því hann kvaddi ljós þessa heims.